

Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
(lagt fram á samráðsgátt)

Reykjavík, 18. ágúst 2026

Bls. | 1

Efni: Áform um aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi

Hinn 21. júlí 2026 lagði Dómsmálaráðuneytið fram á samráðsgátt stjórnvalda áform um aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi. Áformin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu, hér eftir samtökin, og þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri.

Samtökin fagna því að stjórnvöld hyggist nú grípa til skýrari aðgerða gegn skipulagðri brotastarfsemi og taka undir endanleg markmið sem að er stefnt. Umrædd markmið eru að tryggja skilvirkni og raunverulegan árangur í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi, efla afbrotavarnir og styrkja alþjóðlegt samstarf.

Í áformaskjali segir:

„Úrlausnarefni frumvarpsins er annars vegar að tryggja að refsilöggjöfin taki mið af þeirri auknu hættu og því samfélagslega tjóni sem leiðir af skipulagðri brotastarfsemi og hins vegar að tryggja að réttarfarsreglur og heimildir lögreglu í þágu afbrotavarnar séu þannig úr garði gerðar að þær stuðli að árangri í rannsókn og saksókn slíkra brota.“

Þá segir enn fremur undir lið B.2 að bregðast eigi við þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir með markvissum og samræmdum breytingum á þremur lagasviðum, þ.e. almennum hegningarlögum lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum.

Samtökin benda á að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um meðferð sakamála má hafa uppi einkaréttarkröfur í sakamáli, samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla laganna. Þau skilyrði sem XXVI. kafli laganna setja fyrir því að aðili sem telur sig eiga kröfu einkaréttarlegs eðlis, geti haft uppi og fengið réttmæta úrlausn sinna mála eru ströng. Samtökin telja þó að nauðsynleg réttarbót felist í því að ákæranda sé gert skylt, með skýrum hætti í ákvæðum XXVI. kafla laganna, að taka við og fara með umboð f.h. einkaréttarlegs kröfuhafa til að fylgja slíkri kröfu eftir. Með því móti má stemma stigu við því að einkaréttarlegir aðilar missi réttar síns sökum útivistarsjónarmiða, sé þeim eða fyrirsvarsmönnum þeirra ekki mögulegt að mæta fyrir dóm. Þá má einnig hafa í huga að kostnaður við þjónustu lögmanns til að mæta fyrir hönd einkaréttarlegs kröfuhafa er ekki óverulegur. Er það afstaða samtakanna að slík breyting stuðli m.a. að því að draga úr samfélagslegu tjóni og stuðli að árangri, svo sem áformaskjalið lýsir sem úrlausnarefni væntanlegs frumvarps.

Virðingarfyllt,

f.h. SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

Kristinn Már Reynisson

lögfræðingur

Bls. | 2